

**Stjórnarfundur nr. 19**  
**20. maí 2012 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ**

**Mættir: Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir. Súsanna Antonsdóttir tilkynnti forföll vegna veikinda.**

**1. Aðalfundur HRFÍ - undirbúningur**

**2. Erindi frá Papillon&Phalenedeild - Reglan um PRA A-2600**

**Eftirfarandi niðurstaða er samþykkt:**

Eftirfarandi texti fer undir kafla VI. Reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr

Þar sem nú stendur *Greinist hundur með arfgenga.....*

**HRFÍ skráir niðurstöður augnskoðana fyrir allar tegundir og fylgir eftirfarandi reglu varðandi PRA:**

**Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. Sé þekktur PRA beri notaður til undaneldis skráir HRFÍ gotið en setur í ræktunarbann. Ræktandinn verður kærður til siðanefndar.**

**Í tegundum sem hafa DNA próf eru hundar sem greinast „sýktir“ ekki leyfilegir í ræktun. Hundar sem eru berar eru leyfðir í ræktun á móti hreinum.**

**Ræktunardeildir geta gefið út eigin reglur sem taka á al- og hálf systkinum. Það veltur á deildunum sjálfum að taka ákvörðun um það.**

Eftirfarandi verður sett undir hvern tegundahóp:

**Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.**

Breyting á reglunni tekur gildi 1. september 2012. Þær ræktunardeildir sem hug hafa að gefa út eigin reglur varðandi al- og hálf systkini sendi sem fyrst erindið til stjórnar HRFÍ.

**3. Erindi frá Tíbet spanieldeild**

Til stjórnar HRFÍ.

Takk fyrir svarið við beiðni okkar um breyttar reglur varðandi augnskoðun.

Stjórn Tíbet spanieldeildar vill koma því á framfæri að þessi ósk er ekki lögð fram til að fólk sleppi við að láta augnskoða undaneldishundana- og tókurnar sínar. Stjórn finnst að fólk eigi ekki að þurfa að neyðast til að láta augnskoða hundana sína tvisvar sinnum á ári til að vera öruggt með að fara ekki fram yfir 12 mánaða regluna.

Þar sem margar Tíbet spaniel tókur lóða bara einu sinni á ári getur verið slæmt að þurfa að bíða í heilt ár með að para ef vottorðið er komið yfir vegna þess að ekki var nákvæmlega 1 ár á milli skoðana.

Við viljum því óska eftir því að vottorð megi ekki vera eldra en **13 mánaða** við pörun í staðinn fyrir 14 mánaða, eins og fyrri ósk okkar var.

Við óskum eftir að þið samþykkið þessa beiðni okkar með þeim rökstuðningi að þó nokkrar deildir HRFÍ eru með 13 mánaða reglu fyrir augnvottorð sinna tegunda:

***Chihuahua***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2009).

***Shih tzu***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.06.10).

***Bichon frise***

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2011).

Með von um jákvæðar undirtektir.

Fyrir hönd stjórnar Tíbet spanieldeildar HRFÍ.

Auður Valgeirsdóttir formaður.

**Samþykkt**

#### **4. Önnur mál**

Fundi slitið,

Sign:

*Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir.*